

Efnahags- og viðskiptanefnd

Alþingis

Reykjavík, 28. mars 2001

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/1997, um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, með síðari breytingum.

Með bréfi til Landssamtaka lífeyrissjóða, dags. 16. apríl s.l., óskar efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða vegna breytinga á umræddum lögum.

Þær breytingar sem hér um ræðir fjalla einvörðungu um að Alþingi veiti viðskiptaráðherra heimild til að selja hlutafé ríkissjóðs í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf.

Landssamtök lífeyrissjóða leggja ekki mat á væntanlega framkvæmd á sölu hlutabréfanna á þessu stigi málsins, enda fjallar frumvarpið einvörðungu um heimildir til ráðherra að selja viðkomandi hlutabréf.

Landssamtök lífeyrissjóða eru hins vegar fylgjandi samþykki frumvarpsins og þar með einkavæðingu fjármálastofnana í eigu ríkisins og taka í þeim efnum undir sjónarmið Seðlabanka Íslands sem fylgja frumvarpinu, sbr. fylgiskjal I.

Virðingarfyllst
LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA



Hrafn Magnússon